



cutting through complexity™

Strætó bs.

Endurskoðun ársreiknings
31. desember 2015

Endurskoðunarskýrsla
Febrúar 2016





KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000

Reykjavík, 26. febrúar 2016

Stjórn Strætó bs.

Þönglabakka 4

Reykjavík

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. eins og lýst var í ráðningarbrefi dagsettu 10. ágúst 2015.

Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að séu áhugaverð fyrir ykkur.

Við viljum þakka stjórnendum og starfsmönnum fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni og ritun þessarar endurskoðunarskýrslu stóð.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.

Arni Claessen

Í tengslum við þessa skýrslu
má hafa samband við:

Árna Claessen
Partner, Reykjavík

Sími: 545 6340
Fax: 545 6001
aclaessen@kpmg.is

	Bls
1. Nálgun, umfang og áritun endurskoðenda	3
2. Rekstrarreikningur ársins 2015	4
3. Efnahagur í árslok 2015	5
4. Helstu mál	6
5. Staðfestingar	8

1. Nálgun, umfang og áritun endurskoðanda

Mikilvægismörk í endurskoðun eru 21,3 millj. kr.

Endurskoðunarnálgun

Við endurskoðun á ársreikningi ársins 2015 þá:

- skoðuðum við innra og ytra umhverfi fyrirtækisins,
- greindum mikilvæg málefni tengd reikningshaldi og endurskoðun,
- skoðuðum stjórnunarhætti og innra eftirlit með fjárhagsupplýsingum,
- lögðum við mat á eftirlitsþætti upplýsingakerfa.

Við beindum einnig sjónum okkar að:

- greiningaraðgerðum á fjárhagslegri afkomu,
- staðfestingu á tilvist eigna og heild skulda,
- mati á rekstrarfjármunum,
- mati á viðskiptakröfum,
- niðurstöðum á mikilvægum reikningshaldslegum málum og endurskoðunarmálum,
- skýringum og framsetningu ársreikningsins.

Mikilvægismörk í endurskoðun

Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægismörkin eru ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Mikilvægismörk við endurskoðun ársreiknings 2015 eru ákvörðuð 21,3 millj.kr.

Við skipulagningu á endurskoðuninni og ákvörðun á endurskoðunarnálgun þá beitum við mikilvægi. Einnig notum við mikilvægismörkin til að leggja mat á mismuni sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni.

Áritun á ársreikninginn

Áritun okkar á ársreikning Strætó bs. verður fyrirvaralaus. Allir mismunir sem komu í ljós við endurskoðunina hafa verið leiðréttir. Ýmis atriði sem upp komu við endurskoðunina hafa verið yfirfarin með stjórnendum fyrirtækisins.

2. Rekstrarreikningur ársins 2015

**Rekstrartekjur námu samtals
5.609 millj.kr.**

**Rekstrargjöld námu 5.415
millj.kr.**

Rekstrartekjur og gjöld

- Tekjur og gjöld af akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra (FPF) eru nú sérgreind í rekstrarreikningi en þessi þáttur í starfsemi Strætó var ekki sérgreindur í ársreikningi fyrra árs (sjá nánar í kafla 4).
- Rekstrartekjur Strætó án tekna af ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra hækkuðu um 383,3 millj.kr. (7,3%) samanborið við fyrra ár. Fargjaldatekjur og rekstrarframlög hækkuðu um samtals 308,7 millj.kr. og aðrar tekjur hækkuðu um 91,3 millj.kr. Framlag ríkissjóðs lækkaði um 15,9 millj.kr. frá fyrra ári.
- Rekstrargjöld án verktakakostnaðar vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra hækkaði um 677,8 millj. kr. (14,3%) samanborið við fyrra ár.
- Laun og launatengd gjöld hækkuðu um samtals 565,6 millj.kr. (34,2%) sem skýrist fyrst og fremst af auknum akstri, mikilli yfirvinna vegna erfiðleika við mönnun í störf vagnstjóra, fjölgun á stöðugildum vegna leiðréttingar á leiða- og vaktakerfi, uppgjöri á starfsmati og launahækkunum í samræmi við kjarasamninga á árinu.
- Hækkun á öðrum rekstrarkostnaði en launum og launatengdum gjöldum nemur um 102,4 millj. kr.
- Aksturskostnaður verktaka hækkar um 79,7 millj.kr. (4,4%) frá fyrra ári sem skýrist af auknum akstri og verðbótahækkun samninga.
- Hækkun á rekstrarkostnaði má að öðru leyti að mestu rekja til yfirtöku á akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra s.s vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, tölvukerfis o.fl.

Rekstrartekjur

	2015	2014	Breyting	Breyting
			kr.	%
Fargjöld	1.655.369	1.476.800	178.569	12,1%
Rekstrarframlög eigenda	2.951.906	2.822.607	129.299	4,6%
Ríkisframlag	806.160	822.062	(15.902)	(1,9)%
Aðrar tekjur	195.553	104.235	91.318	87,6%
Samtals	5.608.988	5.225.704	383.284	7,3%

Rekstrargjöld

	2015	2014	Breyting	Breyting
			kr.	%
Almenningsvagnar og leiðarkerfi	5.025.363	4.420.736	604.627	13,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	389.455	316.307	73.148	23,1%
Samtals rekstrargjöld	5.414.818	4.737.043	677.775	14,3%

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra

	2015
Tekjur af akstursþjónustu	1.334.416
Gjöld vegna akstursþjónustu	-1.334.416
Samtals	0

Laun og launatengd gjöld

	2015	2014	Breyting	Breyting
Laun	1.784.803	1.320.595	464.208	35,15%
Launatengd gjöld	430.522	325.365	105.157	32,32%
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	4.337	8.061	(3.724)	-46,20%
Samtals laun og launatengd gjöld	2.219.662	1.654.021	565.641	34,20%

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

3. Efnahagur í árslok 2015

Heildareignir í árslok námu
2.667 millj.kr.

Efnahagur

- Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna eykst um 179,1 millj.kr. frá fyrra ári. Á árinu var fjárfest fyrir 276 millj.kr. í 8 nýjum strætisvögnum en aðrar fjárfestingar námu samtals 97 millj.kr. Afskriftir ársins námu 179 millj.kr.
- Viðskiptakröfur fyrirtækisins hækka um 148,8 millj.kr. (50,9%) milli ára. Hækkun skýrist að mestu af hækkun á kröfu á Hafnarfjarðarbæ sem nam 135 millj.kr. í árslok auk þess sem kröfur hafa hækkað vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks.
- Aðrar skammtímakröfur lækka um 73,7 millj.kr. frá fyrra ári en meðal krafna í árslok 2014 var færð krafa vegna endurgreidds virðisaukaskatts að fjárhæð 91 millj.kr. sem tengist fjárfestingum á nýjum strætisvögnum í árslok. Ekki var um sambærilega kröfu að ræða í árslok 2015.
- Handbært fé lækkar um 113 millj.kr. á árinu. Reksturinn skilar 255 millj.kr., nettó fjárfestingar námu 267 millj.kr. og afborganir langtímalána námu um 101 millj.kr.
- Eigið fé fyrirtækisins í árslok nam 1.706 millj.kr. og eykst um 22,8 millj.kr. á árinu í samræmi við afkomu ársins samkvæmt rekstrarreikningi. Eiginfjárlutfall (eigið fé/heildareignum) nam 64% í árslok.
- Langtímaskuldir eða meðtöldum næsta árs afborgunum nema samtals um 226,4 millj.kr.
- Viðskiptaskuldir hækka um 63,7 millj.kr. (18,6%) frá fyrra ári. Hækkunin er í takt við aukin umsvif félagsins.
- Aðrar skammtímaskuldir hækka um 144,3 millj.kr. (78,7%) samanborið við fyrra ár. Hækkunin skýrist aðallega af ógreiddum launatengdum gjöldum og staðgreiðslu í lok ársins að fjárhæð 146,5 millj.kr. en þessir liðir voru að mestu greiddir í lok árs 2014. Ástæðan fyrir þessari breytingu er breytt verklag við greiðslu launa og launatengdra gjalda með tilkomu nýs launakerfis sem tekið var í notkun í byrjun árs 2015.

Samandreginn efnahagsreikningur 31.12.2015

	2015	2014	Breyting	Breyting
			kr.	%
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	1.598.598	1.419.523	179.075	12,6%
Fastafjármunir	1.598.598	1.419.523	179.075	12,6%
Birgðir.....	73.870	82.000	(8.130)	(9,9)%
Viðskiptakröfur.....	441.452	292.608	148.844	50,9%
Aðrar skammtímakröfur.....	39.277	112.993	(73.716)	(65,2)%
Handbært fé.....	514.203	627.362	(113.159)	(18,0)%
Veltufjármunir	1.068.802	1.114.963	(46.161)	(4,1)%
Eignir samtals	2.667.400	2.534.486	132.914	5,2%
Eigið fé.....	1.706.344	1.683.516	22.828	1,4%
Langtímaskuldir.....	124.407	213.655	(89.248)	(41,8)%
Næsta árs afb. langtímaskulda.....	101.977	110.628	(8.651)	(7,8)%
Viðskiptaskuldir.....	407.103	343.372	63.731	18,6%
Aðrar skammtímaskuldir.....	327.569	183.317	144.252	78,7%
Eigið fé og skuldir samtals	2.667.400	2.534.486	132.914	5,2%
Eiginfjárlutfall.....	64%	66%		
Veltufjárlutfall.....	1,3	1,7		

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

4. Helstu mál (1)

Atriði	Umfjöllun
1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	Í ársbyrjun var innleitt nýtt fyrirkomulag við akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra. Í því felst að Strætó sér um akstursþjónustuna fyrir öll sveitarfélögin á höfuðborgarborgarsvæðinu en aksturinn er allur í höndum verktaka. Strætó endurrúkkar allan aksturskostnað og í rekstrarreikningi er þessi hluti af starfsemi Strætó færður meðal tekna og gjalda að fjárhæð 1.334 millj.kr. og um er að ræða sömu fjárhæð þar sem verktakakostnaðurinn er innheimtur á kostnaðarverði. Á meðal annarra tekna er tekjufærð þóknun vegna akstursþjónustunnar að fjárhæð 76,4 millj. kr. sem ætlað er að standa undir kostnaði Strætó við skipulagningu og umsýslu akstursþjónustunnar, Á fyrri árum hefur Strætó séð um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og skólaakstur fyrir fötlud börn fyrir Reykjavíkurborg. Á árinu 2014 námu tekjur af þeirri starfsemi samtals 1.031 millj.kr. og beinn kostnaður nam 1.013 millj.kr. Þessar fjárhæðir endurspeglast þó ekki í samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi ársins þar sem þessum tekjum og gjöldum var jafnað saman í samræmi við fyrri reikningsskilaaðferðir Strætó.
2. Málshöfðun vegna útboðs	Eins og fram kemur í ársreikningi hafa verið höfðuð mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af tveimur aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri almenningsvagna á ákveðnum leiðum á höfuðborgarsvæðinu. Annar aðillinn krefst þess að fá 530 millj.kr. í skaðabætur vegna missis meints hagnaðar og kostnaðar en yfirmatsgerð dómskvaddra matsmanna kveður á um að meint tjón sé um 290 millj.kr. Aðalmeðferð í málinu fer fram 3. maí 2016. Hinn aðillinn gerir þær kröfur að viðurkenndur verði réttur hans til skaðabóta úr hendi Strætó vegna missis hagnaðar og kostnaðar við útboð og málsókn. Aðalmeðferðin í þessu máli fór fram 5. febrúar 21016 og má vænta dóms innan nokkurra vikna. Þrjú önnur mál hafa verið í meðferð fyrir kærunefnd útboðsmála. Einu máli er lokið og lögmaður kærenda hefur upplýst að skaðabótamál sé í undirbúningi en beðið er úrskurðar í hinum tveimur málunum. Engar skuldbindingar hafa verið færðar í ársreikning til að mæta hugsanlegum bótagreiðslum ef málin tapast enda er það mat stjórnenda að það sé ólíkleg niðurstaða. Að mati stjórnenda er því ekki grundvöllur til að færa upp skuldbindingu vegna þessara málaferla í ársreikninginn, en viðeigandi að greina frá málinu í skýringum.
3. Birgðir	Strætó á birgðir af varahlutum og rekstrarvörum sem bókfærðar eru í ársreikningi á 62 millj.kr. (2014: 71 millj.kr.). Eins og við höfum bent á í endurskoðunarskýrslum fyrri ára þá er misræmi á milli birgðakerfis og fjárhagsbókhalds. Í árslok voru birgðir samkvæmt birgðakerfi 88,5 millj.kr og eru því 26,5 millj.kr. hærri en birgðir samkvæmt fjárhagsbókhaldi og ársreikningi. Af varfærnisþjónarmiðum byggir bókfært verð birgða á fjárhagsbókhaldi þar sem ekki liggur fyrir greining á því í hverju mismunurinn liggur. Mikilvægt er að stjórnendur greini þennan mismun og uppfæri birgðakerfið á þann veg að það endurspegli upphaflegt kostnaðarverð eða meðalkostnaðarverð fyrir rekstrarvörur á lager. Einnig er mikilvægt að mánaðarlega verði framkvæmd afstemming milli birgðakerfis og fjárhagsbókhalds til að tryggja að birgðir og gjaldfærður viðhaldskostnaður verði færður með réttum hætti í bókhald og ársreikning.

4. Helstu mál (2)

Atriði		Umfjöllun
4.	Viðskiptakröfur	Í tengslum við endurskoðun ársreikningsins er mat á viðskiptakröfum yfirfarið. Niðurfærsla viðskiptakrafna byggir á sértækri niðurfærslu krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og almennri niðurfærslu krafna. Í árslok nam niðurfærsla viðskiptakrafna 14,5 millj.kr. sem er um 4% af viðskiptakröfum í árslok. Að okkar mati er niðurfærslan hæfilega metin í ársreikningi.
5.	Virðisaukaskattur	Samkvæmt reglugerð 248/1990 um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, ber opinberum aðilum sem inna af hendi þjónustu til eigin nota að greiða virðisaukaskatt af starfsemi sinni að því leyti sem hún er rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Skil á útskatti skal byggja á almennu gangverði í sams konar viðskiptum hjá atvinnufyrirtækjum hér á landi. Fram til þessa hefur ekki verið tekið tillit til ákvæða þessarar reglugerðar í starfsemi Strætó en stjórnendur vinna nú að því að innleiða þessa reglugerð frá og með 1. mars 2016 og munu í samræmi við það skila útskatti af vinnu starfsmanna á verkstæði og í mötuneyti.
6.	Biðskýladeild	Við endurskoðun fyrra árs kom fram ábending um að tekjur af þjónustusamningi Strætó um rekstur og viðhald biðskýla hafi verið jafnað saman á móti kostnaði við rekstur biðskýlanna. Á árinu hætti Strætó að sjá um rekstur og viðhald biðskýla en tekjum af samningnum að fjárhæð um 20 millj.kr. var jafnað á mót rekstrargjöldum þann hluta ársins sem þjónustusamningurinn var í gildi. Almenn er ekki æskilegt að jafna saman tekjum og gjöldum með þessum hætti. Við endurskoðun fyrri ára hafa komið fram ábendingar um aðra þætti í starfseminni sem hefur verið jafnað saman með sambærilegum hætti en nú á árinu 2015 hefur þessari framsetningu endanlega verið hætt.
7.	Bókhald og innra eftirlit	Við endurskoðun á ársreikningi Strætó bs. vegna ársins 2015 höfum við meðal annars með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits. Við endurskoðun ársins komu upp ýmsar athugasemdir og ábendingar varðandi veikleika í innra eftirliti. Stjórnendur hafa brugðist vel við ábendingum okkar auk þess sem á árinu 2015 hefur verið innleitt nýtt bókhaldskerfi og unnið að nauðsynlegum breytingum sem miða að því að styrkja innviði og ferli á fjármálasviði með það að markmiðið að bæta innra eftirlit byggðasamlagsins.

5. Staðfestingar

Atriði		Umfjöllun
1	Sviksemi	Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt sem hefur veruleg áhrif á ársreikninginn.
2	Viðskipti við tengda aðila	Við höfum farið yfir viðskipti við tengda aðila. Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu nein önnur viðskipti til staðar en þau sem greint er frá í ársreikningi.
3	Rekstrarhæfi	Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu vísbendingar um að vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins næstu 12 mánuði.
4	Staðfestingabréf stjórnenda	Í tengslum við endurskoðunina fáum við staðfestingabréf frá stjórnendum þar sem þeir staðfesta að þeir hafi upplýst okkur um öll málefni er gætu haft áhrif á ársreikninginn og að þeim sé ekki kunnugt um skekkjur í ársreikningi.
5	Óhæði endurskoðanda	Samkvæmt siðareglum endurskoðenda og lögum um endurskoðendur er okkur skylt að staðfesta við ykkur að við séum óháðir endurskoðendur hvað varðar félagið. Við staðfestum hér með að við erum óháðir endurskoðendur hvað varðar félagið eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.



cutting through complexity™

© 2016 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).